

Sp.

54. Tillaga til þingsályktunar

um að gerð séu sprengjuheld loftvarnabyrgi og aðrar loftvarnaráðstafanir.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það nú þegar við bæjarstjórn Reykjavíkur og þær aðrar bæjarstjórnir, þar sem ástæður þykja til, að gerð séu sprengjuheld loftvarnabyrgi, svo og að hert sé á framkvæmd annara nauðsynlegra aðgerða vegna loftárásarhættunnar.

Greinargerð.

Það mun engum blandast hugur um það lengur, að loftárásarhættan hér á landi fer vaxandi. Hinsvegar er langt frá því, að loftvarnamálum vorum sé enn komið í það lag, sem hægt væri að koma þeim í. Mesta úhugamál almennings er eðlilega að fá komið upp sprengjuheldum loftvarnabyrgjum. Það kostar að vísu mikið fé, en ekki dugar að láta það verða því að fyrirstöðu, að fjölda mannlífa verði hjargað, ef auðið er að gera það. Þessi tillaga fer því fyrst og fremst fram á, að gerð séu þessi sprengjuheldu byrgi. Því hefir þegar verið frestað of lengi, en betra er þó, að nú sé hafizt handa, þótt þeim héðan af yrði vart komið upp fyrir hugsanlegar loftárásir í vor. En því miður er útlit fyrir, að einnig síðar meir væri þörf fyrir slík byrgi hér.

En þar að auki er enn mikið starf að vinna í loftvarnamálum, svo sem að koma upp nægum sjúkrahúsum, skipuleggja möguleika á brottflutningum úr bæjum, koma upp vegum, vistabúrum og öðru í því sambandi o. s. frv.

Allt kostar þetta fé, sem ríkið verður að leggja fram til móts við bæina.

Auðvitað verður að gera þá kröfu, að hið brezka herlið, sem tekið hefir landið hernámi, beri kostnaðinn við allt þetta, af því það eru beinar afleiðingar af hernáminu. En það dugar ekki að bíða með framkvæmdir þar til samningar eru fengnir um það.

Íslenzka ríkið verður sjálft að hefjast handa til að sjá þegnum sínum eins vel fyrir öryggi í þessum efnunum og í þess valdi stendur. Er það tilgangur þessarar tillögu, að Alþingi herði á ríkisstjórninni um slíkt og veiti henni þar með réttinn til að verja fé þjóðarinnar í þessu skyni eftir þörfum.